



Um 60 manns voru á fundinum sem skiptu sér niður á fjögur borð þar sem fjallað var um byggð og atvinnulíf, umhverfi, þjónustu og samfélag. Skipt var þrisvar um borð. Hér fyrir neðan eru teknar saman niðurstöður umræðna eftir málefnum:

## Byggð og atvinnulíf

- Komið nóg af háhýsum, eins og við Gláðheima. Opið grænt svæði. Jafnvel reiðleið í gegn.
- Flytja iðnaðarhverfið upp á Hólmsheiði
- Klára núverandi byggingar áður en farið er í fleiri svæði
- Ekki fleiri turna takk!
- Huga vel að slysaheattu, mengun og hávaða í tengslum við þéttingu.
- Þétting byggðar þarf að vera skilgreind vel í aðalskipulagi – nákvæmlega hversu þétt er verið að tala um.
- Lækjarbotnar. Ekki þetta byggð, enga atvinnustarfsemi. Má þetta sumarhúsabyggðina.
- Bæta ásýnd iðnaðarhverfa og iðnaðarhúsa.
- Lækjarbotnar. Ganga frá grjótnámi eftir S. Helgason á Lögbergi svo sómi sé að.
- Lágreistar nýbyggingar
- Brú yfir á Öskjuhlíðar-/flugvallarsvæði frá Kárnesi.
- Ákveðin svæði mega vera þétt og jafnvel hafa skýjakljúfa en almennt stækki byggðin upp til fjalla.
- Blönduð byggð virkar ekki.
- Auðbrekkusvæðið. 2 – 3ja hæða hús, verslun & þjónusta á götuhæð. Vistvænt + grænt líka!!!
- Opna Kópavogsbraut.
- Geri tillögu um yfirbyggt bílastæði yfir bílastæði sem er við Sundlaug Vesturbæjar, sem aka ætti að og frá Borgarholtsbraut.
- Afleggja „blönduð“ svæði. Aðskilja atvinnusvæði og íbúðasvæði.
- Burt með kynlífsiðnað úr Kópavogi.
- Uppbygging þjónustu, atvinnustarfsemi tengda frístund - sigling/smábátahöfn.
- Þétting íbúðasvæða hefur haft neikvæð áhrif á íbúa þeirra hverfa. Bílavandamál.
- Byggja ætti yfir bílastæði við sundlaug Kópavogs við Rútstún og fjölga þannig bílastæðum.
- Við deiliskipulagningu eldri íbúðasvæða þarf að greina vel það sem fyrir er (húsa og hverfiskönnun) og sjá til að hverfisbragur og heildaryfirbragð haldi sér og ekki verði stílbrot eins og við Kópavogsbraut 77. Annað sjónarmið: Kópavogsbraut 77 er fallett hús.
- Ekki fleiri turna í Smárákjarnann.
- Nýta ónýttan bílakjallara Molans undir markað líkt og í Kolaportinu.
- Færa bíla af götum inná lóðir í vesturbænum og í nýjum húsum í bílakjallara.
- Þinghólsbraut 7-9 ekki gott dæmi um bílamál.

## Skipulag og Samráð

- Horfa til húsagerðar við þéttingu gróinna hverfa, sýna hverfisbragnum virðingu.

- Í skipulagi, að hugsa út fyrir Kópavog.
- Rétt mál (lengdir og annað) í kynningum, svo á hreinu sé hvað verið er að ræða um.
- Læra af mistökum við skipulag Sjálandshverfis. Fjöldi íbúa vs. hagkvæmni verslunar.
- Reyna að byggja upp kerfi sem hvetur til þess að fólk vinni nálægt heimili sínu.
- Samráð við íbúa við skipulag. Íbúar njóti vafans.
- Meiri samvinnu við bæjarfélögin í kring þegar kemur að aðalskipulagi. Kópavogur er ekki Heimurinn.
- Leggja lífsgæði/líðan íbúa til grundvallar í allri skipulagsvinnu.
- Bærinn sé próaktívur í skipulagsmálum, bíði ekki eftir því að verktakar skipuleggi bæinn fyrir okkur.
- Þegar einbýlishús eru rifin og byggð eru stærri hús með fleiri íbúðum á sama reit, þarf þá ekki að bera það undir fleiri nágranna en gert er í dag?
- Að íbúar fái skilgreindari rétt í skipulagsvinnu.
- Of amerískar skipulagsáherslur með „Mallinu“. Fá evrópskari skipulagsáherslur.
- Allar meiriháttar skipulagsbreytingar í grónum hverfum verði bornar undir íbúa í viðkomandi hverfi með kosningu.
- Viðhalda „hverfisbrag“ í stíl og útliti þegar gróin íbúðahverfi eru þétt.
- Aukið íbúalýðræði vegna meiri háttar skipulagsbreytinga á grónum íbúðahverfum, þar sem komið er á beinum kosningum af íbúum hverfis.
- Vanda betur upplýsingar til íbúa varðandi skipulagsbreytingar sbr. Gláðheimar, Kópavogstún, Kársnes.
- Í skipulagsvinnu skal viðhafa sbr. Þjóðfund Heiðarleika – Virðingu og fara eftir settum reglum og lögum.
- Standa vörð um lífsgæði og upplýsingagjöf.
- Ekki á að keyra í gegn skipulagsbreytingar á tímum þegar sumarfrí bæjarbúa eru í hámarki. Það eru skelfileg vinnubrögð.
- Meiriháttar breytingar á skipulagi ætti að bera undir íbúakosningu.
- Skapa ætti starf umboðsmanns íbúa Kópavogs.
- Í lagi að þetta byggð ef það er í sátt og samlyndi við íbúa.
- Nákvæmlega ætti að skilgreina umhverfi íbúðabyggðar þegar deiliskipulagt er í nýjum svæðum og eldri byggð þetta á við um manir, götur, gróður, grindverk, bílastæði, útlit húsa, þakhalla o.s.fr.

## Miðbær

- Búa til almennilegan hugsanlega nýjan miðbæ
- Vantar miðbæ
- Skilja eftir grænt svæði nálægt Hamraborg, ef reyna á að laða fólk að þeim „miðbæ“. Fjölga bekkjum á púttvallarblettinum. Hús varpa skugga, það vill gleymast
- Yfirbyggð Hamraborg?
- Hálsatorgið, eitthvað að því, því það er aldrei neinn þarna.
- Blómaker, markaðstorg. Handverksmarkað. Fyrir listamennina í Kópavogi. Vantar skjól á torgið.
- Tyrfum Hálsatorg

- Gera eitthvað fyrir Hamraborg. Hvað varð um samkeppnina sem var gerð um Hamraborg. Rok og bílar fyrir öllum. Kannski loka götunni? Byggja yfir? Meira eins og Smáratorg að hluta en hafa svo opið svæði.
- Enginn miðbær í Kópavogi.
- Hálsatorg. Hringtorg og gönguleiðir. Plan, vantar allt líf þar. Hélt það ætti að vera tónleikar. Glerhús?
- Búa til skjól á Hálsatorgi, listaverk og blóm
- Breyta nafni á Hálsatorgi
- Hálsatorg verði Hamratorg
- Hálsatorg verði Álfatorg
- Markaðstorg fyrir listamenn t.d. á Hálsatorgi
- Hálsatorg, götumarkaður?
- Gera Hamraborg vistlegri
- Skjól á Hálsatorg, þak, veitingar
- Byggja yfir Hamraborgina
- Gera Hamraborgina grænni- Hálsatorg t.d. blómaker, tré
- Miðbærinn. Koma lífi í miðbæinn. Spurning um skipulag: Hamraborg og Hamratorgið.
- Móta stefnur/framtíðarsýn, fyrir miðbæ í kringum Hamraborg-Hálsatorg.
- Léttan glerskála yfir Hálsatorg, mætti notast sem markaðstorg um helgar og kvöld.
- Hamraborgin er miðbær Kópavogs. Vantar fleiri kaffihús. Stöðugar bílaraðir í Hamraborg.
- Plássleysi við Hamraborg.
- Ásýnd Auðbrekku óaðlaðandi.
- Bæta Auðbrekku með gróðri og stéttum.
- Taka Hamraborgina til gagngerrar endurskoðunar.
- Góðan miðbæ með útivistar-/grænu svæði í kring (ekki steinsteypa).
- Koma á fót markaði svipað og erlendis „beint frá bónda“.
- Vanta miðbæ með grænum svæðum í kring og með trjám til að eyða deginum. Allt of mikil steinsteypa.

## Kársnes

- Kársnes – engin háhýsi. Á fundi fyrir ári var skrifað bréf og sent sem hefur ekki verið svarað.
- Kársnesið. Það sem verði byggt verði lág byggð.
- Tveggja hæða hús við bryggjuhverfið á Kársnesi.
- Kársnes: Seglskútur?
- Sóðalegt á Kársnesinu. Nóg að byrja á að taka til og mála.
- Stígurinn við norður Kársnesið, maður gengur stíginn að iðnaðarsvæðinu og svo aftur til baka, nema maður sé neyddur inn í þetta skítahverfi.
- Stóra villan að hafa atvinnulífið þarna á endanum á nesinu, að keyra í gegnum allt hverfið fyrst. Fáránlegt.
- Fyllingar á Kársnesi verði græn svæði
- Á yfir höfuð að vera iðnaður þarna útfrá? Frekar lága byggð?
- Kársnesið- sjávarstreymið. Breytir straumum? Ýldupottur? Of stór landfylling.

- Af hverju fór landfyllingin ekki í umhverfismat. Má ekki bara búa til búateppi með undir 4 hektara svæðum í skipulaginu.
- Búa til hóla og hæðir og sá í þá og planta. Horfa til Nauthólsvíkur. Hafa þetta skemmtilegt svæði. Illa nýtt undir stórar skemmur sem standa auðar.
- Ævintýragarð? Eitthvað sérstakt, eitthvað sem annað bæjarfélag hefur ekki.
- Starfssemin af Kársnesi upp á Hólmsheiði. Þar á að vera eitthvað sem gerir byggðina blómlega.
- Stækkum útivistarsvæði, burt með Bryggjuhverfið
- Setja fyllinguna á Kársnesi í umhverfismat
- Kaffihús á fyllinguna
- Stór hluti fyllingarinnar á Kársnesi verði „grænn“ og íbúðavænn
- Göngustígur við siglingaklúbbinn Ými og út á nes – ljótt og þarf að endurskipuleggja
- Einingarverksmiðjan Borg – Burt!
- Meiri þjónusta á Kársnesið
- Strandlengju norðan á Kársnesi, laga vesturhlutann
- Klára göngu- og hjólastíginn vestan á Kársnesinu
- Burt með iðnaðarsvæðið
- Útivistarsvæði yst á Kársnes, takk!
- Kársnes, fegra hafnarsvæðið, leggja gangstéttir og byggja upp gróðursvæði
- Er hægt að breyta skipulagi á Kársnesi? Ef já, ekki fleiri hús en tvær hæðir í bryggjuhverfinu
- Hvergi háhýsi á Kársnesi
- Uppræta sóðaskap yst á Kársnesi
- Veitingahús á Kársnesið, Krá, nýta útsýnið og leiksvæði, golfvöllur
- Ekki fjölga íbúum Kársness um og of. Vegakerfið annar ekki meiru en orðið er
- Maður þéttir ekki byggð með landfyllingu! Moka landfyllingu burt og byggð þéttist sjálfkrafa
- Höfnin! Hætta við stórskipahöfn.
- Höfn verði smábátahöfn og skipulagið á hafnarsvæðinu miði að því að skapa skemmtilegt mannlíf.
- Kársnesið! Endurskoða hugmynd um íbúðamagn. – Fækka!
- Endurbótasvæði á vestanverðu Kársnesi verði eingöngu íbúðabyggð + tengd verslun & þjónusta.
- Meginregla að iðnaðarsvæði sé fjarri íbúðabyggð.
- Engar umferðartengingar frá Kársnesi yfir Fossvog.
- Kópavogshöfn: Skipuleggja sem „marinu“ í höfn og á landi með slipp + innaðstöðu.
- Fá „stórverslun“ á Kársnesið.
- Takmarka byggingamagn á Kársnesi vegna umferðar.
- Nesið. Markaðir – verslunar – veitingahús. Panorama útsýni.
- Frístundabyggð í stað bryggjuhverfis.
- Ekki stórskipahöfn, finna aðra nýtingu.
- Enga frekari landfyllingu á Kársnesi.
- Enga frekari þéttingu byggðar á Kársnesi.
- Nýta uppfyllingu á Kársnesi fyrir íbúðabyggð og útivist/afþreyingu.
- Draga úr íbúðafjölda í skipulagshugmyndum fyrir bryggjuhverfi og á uppfyllingu.

- Breyta atvinnuhúsnæði á enda Kársness í einbýlishús.
- Auka kröfur í umgengni hjá atvinnufyrirtækjum á Kársnesi.
- Alla atvinnustarfsemi burt af Kársnesi fyrir 2020.
- Stefna að því að eingöngu íbúavæn atvinnustarfsemi verði á Kársnesi – verslun, þjónusta, sem gagnast íbúum. Smærri fyrirtæki.
- Kársnes. Göngubrú yfir til Reykjavíkur.
- Kársnesið. Smábátahöfn og smá iðnaður.
- Ekki fleiri íbúðir á Kársnesinu.
- Hættið við stórskipahöfn.
- Ekki er hægt að bæta á núverandi bílaumferð á Kársnesi.
- Óþrifnaður mikill á atvinnusvæðum á vesturhluta Kársness. Verslun- og atvinnustarfsemi deyr út með þessu áframhaldi.
- Fyrir utan sjónmengum er atvinnustarfsemi á Kársnesi (vesturhluta) hættuleg börnum.
- Flytja atvinnustarfsemi vesturhluta Kársness til upplands Kópavogs við Suðurlandsveg.
- Útivistarsvæði á bryggjuhverfissvæðið.
- Nota athafnahúsnæðið Borgir fyrir nýsköpun td. Bata, slipp og bátagerð.
- Vantar fleiri skemmtibátastæði (bátalægi) við siglingarklúbbinn Ýmir.
- Óperuna á fyllinguna á Kársnesi.
- Leggur til að gerð verði braut frá Álftanesi til Reykjavíkur með viðkomu á Kársnesi.
- Gott væri að hafa ylströnd við bryggjuhverfið þar sem synda mætti milli ylstranda Rvk og Kópavogs.
- Setja gömul úrsérgengin athafnasvæði Kársnes á ný atvinnusvæði hjá t.d. við Suðurlandsveg.
- Vantar hverfisverslun í vesturbæinn.
- Tiltækt á enda Kársness, engin há hús. Er hægt að losna við stóru bryggjuna?

## Umhverfi

- Misskilningur hjá skipulagsyfyrvöldum, alltaf hefur verið lögð áhersla á byggingar, en nú þarf að huga að útivistarsvæðum.
- Golfvöllurinn? Á að hafa þennan stóra golfvöll um aldur og ævi? Ætti svæðið ekki frekar að fara undir stærri hóp fólks til að njóta náttúrunnar heldur en bara golfara? Á frekar heima uppi á Sandskeiði. Golfvöll kannski á fyllingunum við Kársnes?
- Ekki minnka Kópavogstúnið.
- Á ekki að byggja allt, verður að vera pláss fyrir afdrep fyrir fólk.
- Gera samkeppni fyrir börn og unglunga í skólum um hvað þeir vilja í umhverfi sínu.
- Túrisminn, gætum gert ýmislegt, nota unglunga til að skaffa þeim vinnu. Búningar sem tengist, eins og t.d. Hafnarfjörður með Víkingana. Gera bæinn líflegan.
- Elliðavatnið, eigum við að halda áfram að skipuleggja þarna í kring? Eigum við ekki að eiga neitt inni til framtíðar?
- Stígakerfi, leikvellir, rútstúnið, fráhrindandi svæði. Leikvellir slæmir. Ekki gott að ganga á milli hverfa. Skömm af Rútstúni ef það á bara að nota það 17. júní.
- Byggingasvæðið fyrir neðan Rútstúnið betur nýtt núna en túnið sjálft því það er í rúst. Krakkar nota það fyrir smíðavöll og stökkbrautir og ýmislegt.
- Ekki endilega manngerð opin svæði. Vantar töluvert af óskipulögðum opnum svæðum.

- Ekkert grænt á Kársnesinu nema kirkjuholtið og það er verið að þrengja af því. Hefur ekki verið umhverfisvernd í bænum.
- Vantar græn svæði nær fólkinu. Þú átt ekki að þurfa að fara upp í Guðmundarlund til að viðra þig.
- Vantar aðstöðu við tjörnina, kaffi, snyrtingu, bekki, veitingasölu.
- Skilgreina græn svæði betur. Það er ekki steinfjara. Vantar græn svæði inn á milli göngustíganna við fjöruna.
- Róluvöllur við Bjarnhólastíg í niðurníðslu. Halda við leiksvæðinu, þar er stöðug umferð af fólki.
- Ekkert tekið til í kringum Fífuna. Rusl allstaðar á milli trjáa og við stíga. Fýkur af Hafnarfjarðarvegi. Virkja börnin í íþróttunum til að hreinsa ruslið og um leið fá þau meiri virðingu fyrir umhverfinu.
- Þarf átak út af fólki sem er að henda rusli út úr bílum.
- Kópavogsdalurinn mjög skemmtilegur.
- Guðmundarlundur, bæta hann. Halda í reiðleiðir. Halda fjölbreyttu lífi þar í kring.
- Halda upplandinu óhreyfðu.
- Halda grænum línunum, (græni trefillinn) halda svæðum áður en byggð er skipulögð. Kópavogur alltaf höfuðverkur.
- Það má ekki hætta við vatnsverndarsvæði. Verður að halda verndarsvæðum. Líka friðlýstum svæðum.
- Hafa grænt svæði í vesturbænum.
- Byrja að hirða garðaúrgang austast í bænum sum árin á vorin, ekki alltaf að byrja á Kársnesinu.
- Tenging frá Kársnesi á Græna stíginn
- Vantar aðstöðu til langrar útiveru sbr. salerni, kaffi o.fl.
- Hafa upplöndin óhreyfð
- Hugmyndasamkeppni um útivistarsvæði vesturbæjar og um Hamraborg
- Útivistarsvæði við sjóinn – Fossvoginn
- Ekki skerða Kópavogstún
- Fossvogsdalurinn óbreyttur
- Halda Kópavogsdal óbreyttum
- Veita íbúum aðhald hvað varðar ruslsöfnun (dekk, bílhæ, kerrur o.fl.) á einkalóðum
- Fylgjast betur með lausagöngu hunda á göngustígum og opnum svæðum. Lausagangan letur til útivistar
- Kaffihús við Kópavogstjörn
- Glæðheimasvæðið verði grænt, ekki háhýsalóð
- Fleiri lítil græn svæði innan byggðar
- Kópavogstjörn - vantar aðstöðu fyrir fólk. Jafnvel eitthvað fleira eins og púttvöll, leiktæki o.fl.
- Kaupa og nota götusópara í öllum bænum
- Má lífga meira uppá Hlíðargarð t.d. með blómum
- Taka til skoðunar hugmyndir sem eru til um nýtingu Kópavogstúns
- Huga betur að grænum svæðum t.d. Bryggjuhverfi, Rútstún
- Kópavogur er bílabær, þarf að byggja upp aðlaðandi göngusvæði um „allan“ Kópavog
- Endurskipuleggja Kópavogstúnið, atvinnulausir arkitektar eru með hugmyndir

- Göngustíg umhverfis Elliðavatn
- Búa til grænt hverfi án bíla, endurvinnsla.
- Hverfi séu að svo miklu leyti sem hægt er sjálfbær hvað varðar verslun og þjónustu til að takmarka umferð um og út úr hverfinu.
- Sóðaskapur og slæm umgengni á lóðum, jafnt íbúðir og athvinnustarfsemi - er ljóður á útliti bæjarins.
- Nýta útivistarmöguleika Kársnessins og gera það að „Öskjuhlíð / Nauthólsvík“ Kópavogs.
- Ég vil búa í bæjarfélagi sem virðir lög og reglur gagnvart heilsu fólks og umhverfis- og náttúrvernd.
- Umhverfið utan Kópavogs er meira atriði en innan Kópavogs.
- Hamraborg. Bæta alla snyrtimennsku. Til skammar í dag.
- Huga að umhverfismálum.

### Verndun og fróðleikur

- Rústir af Kópavogsbænum gamla, byggja hann upp svo hægt sé að sýna hann. Digranesrústir. Eigum að skoða bæinn okkar út frá sögunni. Digranestóftirnar, sakna þeirra.
- Kópavogsfundurinn, merki fundurinn. Gera meira úr sögunni. Grafa upp tóftirnar þar sem Kópavogsfundurinn var haldinn. Upplýsingar og aðstaða fyrir ferðamenn og aðra
- Vantar kort og minjaspjöld um sögu og upplýsingar. Gera þetta sýnilegra úti á mörkinni. Skortir að koma þeim á framfæri.
- Þar sem kópavogsfundurinn var haldinn, vantar meiri upplýsingar þar, uppgröft. Sýna minjarnar betur. Þetta er gamall þingstaður.
- Til hugmyndir um kópavogstúnið. Töluvert unnar, þarf að skoða þær betur. Nýta handverkið betur. Mikill uppgangur í því. Nú er tíminn.
- Kópavogur standi að friðlýsingu Skerjafjarðar.
- Náttúruskoðunarsvæði suðvestur af Vatnsvík, í tengslum við sigdalina þar og í Heiðmörk
- Gera sögu Kópavogs betur sýnilega, passa gömlu húsin
- Friðlýsa Fossvoginn allan
- Friða kirkjuholtið (Borgarholtið), ekki byggja þar meira
- Halda áfram að merkja áhugaverða staði í Kópavogi
- Endurbýggja gamla Kópavogsbæinn og gamlar minjar í Kópavogi
- Gera sögustaði „merki“legri og sýnilegri á staðnum
- Halda húsi á Kópavogstúni og gera upp elsta steinhús bæjarins
- Hugsa betur um friðlýst svæði t.d. Digranesrústir, Kópavogsbæinn
- Leiðbeinandi upplýsingar um sögu/minjastaði í Kópavogi. Etv. Setja upp „gönguhringi“-merkja leiðir
- Herða reglur og virða betur náttúruna við efnistöku.
- Útikennslustofur á opnum svæðum. Góðir skólar sem þarf að bæta með kennslu utanhúss. Gera börnin betur læs á umhverfið.
- Útikennslustofa í Kópavogsdal, Fossvoginn og í vesturbæinn sem nýtist leik- og grunnskólum
- fá hugmyndir frá börnum og unglíngum í umhverfismálum

### Umhverfismál

- Kópavogsbær ætti að bjóða upp á grænar tunnur.
- Á að vera leiðandi í umhverfismálum. Á heimsmaelikvarða. Óþolandi að vera að keyra marga km í Sorpu, á að vera sótt í hverfið á ákveðnum dögum.
- Illa gengið um grenndargámana. Sekta fyrir slæma umgengni.
- Sekta fólk fyrir sóðalega umgengni við grenndargáma
- Lausagangur bifreiða ætti að vera bannaður og hægt að sekta fyrir
- Reyna fyrst að byggja umhverfi þannig að bílar verði síður notaðir
- Gera bæinn umhverfissvænni og þar með börnin læs á umhverfi sitt
- Pappírs- og flöskugámar í hverri götu.
- Passa betur upp á sorp og skolp sem rennur út í Kópavogslækinn. Mæla reglulega hvort einhver skolpmengun sé í læknum.
- Sýklaprófa Kópavogstjörn – laga
- Herða reglur og virða betur náttúruna við efnistöku.

## Stígar

- Heildarsýn í stígahverfið, vantar tengingar milli hverfa, sérstaklega við Reykjanesbrautina.
- Vantar að tengja girðingar við Nýbýlaveg, ein gömul græn og nýjar við Lund, en tengjast ekki saman.
- Lélegir stígar frá Kópavogsskóla í Tónlistarskólann. Vantar tengingu framhjá umferðagötum frá Kópavogsskóla að bókasafni og fleiru.
- Þurfa að vera greiðar leiðir frá heimili til skóla. Dæmi Sæbólsbraut til Kársnesskóla. Mikil umferð á þeirri leið.
- Útbúa undirgöng undir Digranesveg við Kársnesskóla fyrir börnin á leið í og úr skóla, fækka hraðahindrunum í staðinn. Núna beinist umferð niður á Hlíðarveg, vegna allra hraðahindrananna. Jafnvel 2-3 undirgöng.
- Ekki greið leið (göngustígs) frá Smáralind upp í Salahverfi
- Betri reiðhjólástíga sem eru ekki alveg ofan í götunni.
- Breiðari göngu- og hjólástíga
- Lægri staura með stuttu millibili á stígum bæjarins.
- Breikka göngustíga og betri lýsingu á þeim
- Gera stíga með hjólreiðarfólk í huga, þar sem stígar eru.
- Víða úti á nesi er búið að gróðursetja ösp sem er búin að sprengja stíga upp og skemma þá (gera þá óslétta).
- Lýsa upp alla stíga (sumir eru ólýstir).
- Fleiri og breiðari hjólástíga – skipuleggja sem hluta af deiliskipulagi og í hönnun á hverfunum.
- Göngustígar eru of mikið með tröppum. Það hindrar hjólreiðar og fólk með barnavagna. Það þarf að endurhanna stíga í gömlu hverfunum.
- Laga/ gera gangstíg á enda Kársness
- Breikka göngustíga
- Kópavogsholtið, frábærasti staður Kópavogs. Passa að birkið vaxi ekki of mikið
- Bæta stígatengingar úr vesturbæ og í Linda og Kóra
- Tengja betur hjólástíga, þeir eru í nýrri hverfum, en slitna gjarnan í sundur í eldri bæjarhlutum
- Göngustíga í kring um Elliðavatn

- Breiðari göngu- og hjólastíga.
- Hafa ekki göngustígana of mjóa. Breiðari stíga.

### Frágangur á byggingarsvæðum

- Hvað með að klára blokkirnar við Lund, á ekki að klára þær og ganga frá í kring?
- Klára girðingar við Nýbýlavegin
- Mjög sóðalegt hefur verið á mörgum byggingarsvæðum og í of langan tíma sbr. ljóta gáma neðan við Rútstún

### Mengun

- Mengun, hávaðamengun og loftmengun af Hafnarfjarðarveginum í brekkunum. Hávaðinn heyrir allt til Digranesvegur og Álfhólsvegur, mikill niður.
- Lausnin er að nota ekki bíla. Frekar en að byggja utan um vandamálið. Gangu frekar eða hjóla og skipuleggja í kring um það
- Flughávaðinn og mengunin er mikill. Ótrúlegt að flug sé leyfilegt yfir Kársnesið yfir nótt. Hvort sem það er að lenda eða taka á loft.
- Meira hægt að gera en hljóðveggir og manir. Það er eins og að keyra í skurði út af mönunum. Frekar nota tré.
- Við erum að skipuleggja of þétt. Íbúðahverfin alveg ofan í safnbrautinni. Sjá eins og í Vatnsendanum.
- Hljóðmanir
- Hljóðrannsóknir við dalinn, eins og hljóðið magnist upp þegar hærra dregur. Þarf að gera almennilegar rannsóknir.
- Mikill umferðarhávaði frá Reykjanesbrautinni.
- Mælirinn, mæla svífryk. Niðurstöður og fleiri mælingar.
- Hljóðvistin, frá Urðarbraut að Reykjanesbraut er hljóðvistin yfir mörkum. Eina sem er gert er að fjölga bílunum. Urbætur vantar.
- Hávaðinn endurvarpast af hljóðgirðingum, dofna ekki.
- Verum fyrirmynd annarra bæjarfélaga í að standa vörð um hljóðvist og mengun í íbúahverfum, miðum við ítrustu kröfur ekki bara lögboðin lágmark
- Hljóðvist >55db
- Svífryk innan marka
- Kársnesbraut sunnanverð- minnka hljóðmengun vegna umferðar
- Hljóðmengun frá Hafnarfjarðarvegi, er hún yfir mörkum?, Hljóðmanir við Hafnarfjarðarveg
- Umferðarhávaðinn sem berst upp Kópavogsdal frá Hafnarfjarðarveg og neðan af Arnarneshæð er ærandi! Oft langt fram á kvöld s.s. ekki aðeins á háannatíma. Hafnarfjarðarvegurinn liggur í sveigju þar um voginn og flytur mörg þúsund bíla á klukkustund. Hækka hljóðmanir eða byggja yfir brautina a.m.k. mæla hávaðann og taka tillit til þessa málaflokks við frekari hönnun.
- Gera athugun á hljóðmengun frá Hafnarfjarðarvegi og brjóta upp dreifingu hávaðans. Þess vegna fjær götunni
- Umferð og hávaði, bæta ásýnd hljóðmana
- yfirbyggja Hafnarfjarðarveginn vegna hávaða

### Almenningssamgöngur:

- Strætó rúntar full mikið, tekur of langan tíma að taka strætó út fyrir bæinn.
- Vantar betri skýli uppi á hálsi sem verja fyrir vindi
- Vantar strætóskýli
- Örari ferðir strætós
- Slysagildra uppi á hálsi fyrir þá sem bíða eftir strætó.
- Setja vagnana upp á háls, skilja strætó frá venjulegri umferð.
- Vantar betri aðstöðu fyrir leigubíla, helst nálægt skiptistöðinni uppi á hálsi til að þessi tvö kerfi (strætó og leigubílar) geti virkað betur saman.
- Líta á almennings samgöngur sem samfélagsþjónustu en ekki sem byrði.
- Of tímafrekt að taka strætó eins og kerfið er í dag.
- Hafa minni vagna og tíðari ferðir
- Löng vegalengd á milli stoppistöðva. Þarf að stytta hana.
- Of dýrt í strætó, hafa það gjaldfrjálst
- Fara í öflugra kynningaherferð á strætó.
- Senda könnun út á bæjarbúa um hvernig strætókerfið þyrfti að vera til að íbúar myndu nota strætó
- Kópavogsbær styrki starfsmenn til að taka strætó
- Vantar tíðari ferðir. Ekki mikið meira en korter á milli ferða. Biðtíminn er megin ástæða fyrir því að þeir eru ekki notaðir.
- Tengja strætóferðir betur við nágrannasveitarfélögin.
- Setja skýli við allar stoppistöðvar.
- Stilla fargjaldi í strætó í hóf.
- Tvískipt kerfi strætisvagna. Annars vegar hringferðir innan Kópavogs og hins vegar ferðir á milli sveitarfélaga.
- Aðstaða á Kópavogshálsi afleit, umferð of mikil af of mörgum aðilum, strætó, einkabílum o.s.frv.
- Strætisvagnakerfið er slæmt.
- Örari ferðir vagna úr Vesturbæ til Reykjavíkur.
- Fjölga ferðum strætisvagna.
- Hafa strætó sem keyrir hring innanbæjar (vestur-austur), sem er ókeypis eða mjög ódýrt, til að gera fólki kleyft að sleppa bílnum, og þessar leiðir tengist aðalstoppistöð og henta líka fólki sem fer á tónleika, til læknis, í heimsóknir og ferðir krakka í og úr skóla.
- Hörmulegur aðbúnaður strætisvagna á Kópavogshálsi. Fækka einkabílastæðum þar. Svæðið er hættulegt núna.
- Færa strætisvagnana upp á svæðið milli Byrs og Landsbanka/apóteks.
- Strætisvagna burt af götunum við skiptistöðina. Þetta er slysagildra fyrir börn núna.
- Tíðari ferðir strætó og þá jafnvel með minni vögnum.
- Það vantar almennings samgöngur að og frá stóru verslunarkjörnunum.
- Almennings samgöngur verði samfélagsþjónusta.
- Það vantar betri almennings samgöngur á milli austur- og vesturbæjar.
- Strætóhringur í báðar áttir til að tengja íþróttasvæði og tómstundir.
- Frítt í strætó til að ná notkun.

**Samgöngur:**

- Það þarf að loka gegnumkeyrslum í gegnum íbúðarhverfi.
- Fífuhvammsvegur þarf tvöföldun.
- Umferðaraukning á nesinu og mun aukast ef verður of þétt byggð þar.
- Svífryks mælist alltof hátt
- Tekið verði tillit til lífsskilyrða á Kársnesinu vegna byggingar
- Til að ná sátt um Kársnesið þarf að hafa það í takt við þá byggð sem er þar fyrir. Lágreist hverfi einbýlishúsa og lítilla fjölbýla
- Það þarf betri samgöngur milli hverfa
- Langt að keyra börn á æfingar (m.a. upp í Kóra).
- Bílastæði uppi á Hálsi eru vandamál
- Vantar gangbraut á Kársnesbraut austan megin við Hábraut
- Það vantar gangbrautir yfir Hábraut, ath. þar eru 2 leikskólar.
- Alltof margar hraðahindranir á Digranesvegi og of þétt.
- Nota frekar þrengingar heldur en hraðahindranir.
- Setja vistgötur víðar.
- Setja hraðamyndavélar
- Setja fleiri „Þú ekur á“-skilti (skilti sem sýna hraða sem ekið er á).
- Þarf að draga úr umferð á Kársnesbraut
- Setja allar götur á Kársnesinu í 30 km hámarkshraða.
- Finna leið til að minnka umferð um Kársnesbraut.
- Loka gegnumkeyrslu um Hlíðaveg við Grænutungu nema fyrir strætó.
- Merkja bílastæðahús við Molann, að þar séu bílastæði á efri og neðri hæð.
- Hafa greiða leið frá heimili til skóla og til fristunda. Alltaf að gera ráð fyrir skólaumferð í skipulagi.
- Við alla áætlunargerð eiga íbúar að njóta vafans svo sem varðandi hljóðvist og svífryk.
- Farið verði eftir greinargerð Betri byggðar á Kársnesi árið 2007, um skipulag og umferð.
- Vantar gangbraut á Kársnesbraut til að komast í Listasafnið.
- Athuga svífryk.
- Að við ekkert hús verði hávaði yfir 55 dB. Passa upp á hávaða.
- Af hverju er ekkert merki á Kársnesbraut sem tilgreinir hámarkshraða?
- Umferð stopp við Salinn á álagstímum, kemst enginn í burtu. Næg bílastæði en ekki hægt að komast burt.
- Vantar tengingu milli Seljahverfis og Kópavogs. Engar vegatengingar á milli.
- Setja upp vistgötukerfi.
- Sleppa hraðahindrunum. Hafa frekar ljós og þrengingar. Hraðahindranir skapa meiri hraða og mengun því það hraðar sér á milli hindrana. Aukning í hávaða.
- Reykjanesbrautin. Manir þar? Hljóðir berst alveg út á nes eftir haffletinum.
- Reykjanesbraut í stokk. Gjáin er raunveruleg gjá, andlega og líkamlega.
- Kársnesbraut í 30 km hámark
- Gera Borgarholtsbraut að vistgötu
- Vegtenging á milli Kópavogs og Reykjavíkur, Seljahverfis og Salahverfis
- Banna lágflug yfir Kársnesinu
- Alrangt er að láta umferð yfir á höfnina og það hverfi bara þvert í gegnum íbúðarhverfi
- Hægja á umferð við íbúðargötur með „vistgötum“ (einbreiðar m. gróðri)

- Gera upp Borgarholtsbrautina núna – vistvæn, setja þrengingar
- Vegtengingar milli Kópavogs og Reykjavíkur. Selja-/Salahverfi.
- Hugað verði að afköstum umferðarmannvirkja, göngu- og hjólastíga, áður en ráðist er í þéttingu.
- Skerjabraut.
- Auka afkastagetu umferðartenginga Kársnesmegin við Hafnarfjarðarveg.
- Tengja betur akstursleið frá Kársnesi að Fífunni
- Byggja yfir Reykjanesbraut
- Burt með hraðahindrunina á Borgarholtsbraut við Bakarið
- Afnema hraðahindranir og koma upp hraðastýrðum ljósum
- Íbúar vesturbæjar Kópavogs fara frekar og versla í Kringlunni en Smáranum vegna umferðar.
- Huga að umhverfi (t.d. gatnakerfi) á fyrsta þrepi – ekki reyna að „redda“ eftir á.

### Sorpförgun:

- Mikil bæting í sorpmálum á síðustu árum.
- Íþróttafélögin komi oftast að hirða flöskurnar
- Vantar fræðslu og kynningu á flokkun!
- Aukin sorpflokkun er ávinningurinn af grænni hegðun
- Þarf að vera einfaldara að losa flokkaðan úrgang.
- Vantar fleiri grenndargámar
- Það þarf fleiri grenndargáma og minni.
- Vantar flokkaða sorpsöfnun
- Lítið mál að vera með fleiri tunnur við heimili.
- Bjóða upp á fleiri tunnur heima fyrir.
- Vantar 2-3 grenndargámar í vesturbænum.
- Sorpið er losað of oft hjá einum aðila (meira en á 10 daga fresti)
- Ætti að borga (verðlauna) fólki sem tekur græna tunnuna – það greiði lægri sorpgjöld til bæjarins.
- Styðja og hvetja fólk til að flokka
- Fjölga grenndargámunum og þá sérstaklega úti á nesi.
- Absalút að flokka sorp!

### Fjarskipti:

- Lélegt síma- og netsamband víða, t.d. á Hlíðarveginum – virðist vera í lægðum sé lélegt netsamband, t.d. Hive sem byggir á örbylgjusendingum, ekki línunum.
- Hvernig er staðan á ljósleiðaramálum í Kópavogi?

### Annað:

- Virðist eitthvert ólag vera á skólpmálum, þar sem kemur spilliefnalykt upp úr frárennsliskerfinu sums staðar, s.s. á Hlíðarvegi (í heimahúsi) og slæm lykt hjá Digraneskirkju. Einnig úr brunnum á Kársnesinu, nálægt dælustöðvum.
- Það vantar „kaupmanninn á horninu“.
- Bærinn bjóði/útvegi tæki til að taka ofan af háum trjám sem byrgja útsýni mjög víða.

- Bjóða meira af tómstundastarfi í skólum, til að minnka þörf barna á að leita annað til að fara í íþróttir, tónlist o.fl. Það minnkar tíma barna og foreldra sem fer í skutl á milli staða og minnkar þannig álag á götur og minni hætta fyrir börnin ef þau þyrftu ella að ganga á milli.
- Tengja skóla og íþróttir betur saman líkt og gert er í Snælandsskóla
- Bæta aðstöðu fyrir einka- og svifflug á Sandskeiði
- Vera í góðu samstarfi við íbúa
- Allar áætlanir eiga að vera sannfærandi ekki bara bjartsýnar
- Grunntónninn í samfélagsgerðinni okkar verði: Heiðarleiki, virðing og réttlæti.
- Ég vil búa í bæ þar sem farið er að lögum og reglum sem lúta að velferð manna og náttúru.
- Umboðsmaður íbúa.
- Hættum að stækka, látum okkur líða vel.
- Íbúar séu ekki meðhöndlaðir sem óvinir embættis- og stjórnáamanna í Kópavogi.
- Í skipulagi, að hugsa út fyrir Kópavog.
- Rétt mál (lengdir og annað) í kynningum, svo á hreinu sé hvað verið er að ræða um.
- Hvar er fiskbúðin?
- Small is beautiful.
- Siðareglur í samskiptum bæjarins og verktaka.
- Styrkleiki/veikleiki bæjarins, kostir og gallar. Ábendingar um stjórnsýslu. Heildin/hverfið mitt. Þátttaka íbúa, hugmyndir/hvað brennur á íbúum.
- 12, 30, 50 ár? Hve mikið á bærinn að stækka? Almenningsamgöngur. Almenningshjálp á erfiðum tíma.
- Gæði umfram magn.
- Lífsgæði en ekki byggðamagn/fjöldi.
- Setja reglur um samskipti bæjaryfirvalda og verktaka og gagnsærri samskipti.
- Nýta kreppuna og lægð í framkvæmdum til að styrkja innviði Kópavogs.
- Að skipulagsvinna taki mið af lífsgæðum íbúa ekki steinsteypumagni.
- Reglur um samskipti bæjar og verktaka sem koma í veg fyrir að einstakir bæjarfulltrúar/tengdir aðilar geti hagnast sbr. innherjareglur hjá fjármálafyrirtækjum.
- Betri foreldra.
- Auka íbúalýðræði.
- Gera íbúa virkari og ábyrgari fyrir rekstri bæjarlífsins frá degi til dags.
- Hlusta meira á raddir íbúa.
- Samfélag á erfiðum tímum.
- Hvað höfum við grætt á stækkun Kópavogs. Ekkert.
- Kópavogur ætti að sameinast Reykjavík.

### Íþróttta- og tómstundamál

- Bæta tómstundastarf í skólunum.
- Aðstaða fyrir íþróttir í göngufæri frá skóla.
- Tónskóli. Stækka – fjölga nemendum – fjölga staðsetningum.
- Vantar torfærusvæði fyrir 8-14 ára. Hjólasvæði.
- Vantar fleiri íþróttahús í vesturbæ.
- Vantar opið svæði með drullu og grjóti fyrir hjólabrautir o.fl.
- Tónlistarskóli nýti húsnæði skólanna.

- Vantar sundkennslu allt árið í sumum skólum.
- Nýtt stórt íþróttahús við Þinghólsskóla.
- Sparkvöll hjá Molanum.
- Efla íþróttaiðkun á Kársnesinu – nota fyllingu sunnan megin á nesinu til að gera aðstöðu fyrir íþróttir + tengja skóla.
- Íþróttafélögin skipti bænum HK í uppsv. UBK í vesturbæ og Smára.
- Samvinna skóla og íþróttafélaga, meta „vinnutíma“ yngstu barna.
- Bæjarfélagið láti íþróttafélögin skipta hverfum á milli sín.
- Auka möguleika á skátastarfi . Styrkja Kópa.
- Bæta íþróttaaðstöðu í vesturbæ.
- Auka aðgang að tónlistarnámi.
- Sameina starf íþróttafélaga við dægradvöl í skólum.
- Efla nám sem reynir á hug og hönd.
- Þarf að fara í Kórin með 3 strætóum til að spila fótbolta. Af hverju má hann ekki spila í sínu umhverfi.
- Aðstaða til íþróttar á Kársnesinu er ekki góð. Vestari hluti Kópavogs hefur orðið útundan í uppbyggingu íþróttaaðstöðu. Alltof langt að fara á æfingar. Vegna knattspyrnuþjálfunar er börnum boðið upp á aðstöðu í Kórnum sem er alltof langt að fara. Foreldrar eiga í erfiðleikum að koma þeim á æfingar.
- Ósk um að börn fái kynningu á hinum ýmsu íþróttagreinum í skólunum og í framhaldinu geti þau metið hvort þau vilji prófa að stundað þær. Börn þurfa að fá betri innsýn í hinar ýmsu íþróttagreinar í heimaskóla.
- Það var góð þátttaka þegar HK bauð upp á íþróttæfingar í íþróttahúsi Kársnesskóla. Aðstaða í nærumhverfi þarf að vera til staðar fyrir yngstu börnin. Þau eiga að geta gengið á æfingar. Akstur með börn á æfingar skapar mikla óþarfa umferð. Vinnudegi barna á að ljúka á sama tíma og fullorðinna.
- Íþróttahús Kársnesskóla þarf að vera til afnota fyrir yngri börn seinni part dags.
- Eldri börn geta farið frekar með strætó eða tómsundavagni sem gengur á æfingatímum.
- Þarf að laga knattspyrnuaðstöðuna við Vallargerði. Svo þarf að skapa aðstöðu fyrir fleiri íþróttir en boltagreinar.
- Kópavogsbær hefur staðið sig vel varðandi aðstöðu fyrir íþróttir, en aðstaðan er mismunandi eftir hverfum.
- Lausnin gæti falist í því að félögin skipti bænum á milli sín. Bæta íþróttaaðstöðuna í vesturbænum. Það þarf sparkvöll við Molann. Líka mætti nýta uppfyllingarnar á Kársnesinu fyrir íþróttaaðstöðuna. Samvinna skóla og íþróttafélaga þarf að vera miklu meiri. Börn eiga að geta verið búin með æfingar á skikkanlegum tíma.
- Það vantar betri leikfímisaðstöðu fyrir eldri borgara.
- Góður tónlistarskóli í Kópavogi, en það þarf að víkka út starfsemina og staðsetja út í hverfin. Tónlistarskólinn nær ekki að sinna öllum sem vilja. Stór hluti sækir í önnur sveitarfélög.
- Tónlistarstarf þarf að koma inn í alla grunnskóla. Í mörgum sveitarfélögum fer fram tónlistarnám í húsnaði grunnskólanna.
- Skólahljómsveit Kópavogs er öflug og hefur gert góða hluti. Fleiri þurfa samt að komast í tónlistarnám.

- Öflugt tómstundarstarf byggist yfirleitt á drifkrafti þeirra einstaklinga sem eru í forsvari fyrir starfið eins og Skólahljómsveitinni og Kársneskórnum.

## Grunnskólar

- Nýta fjöruna og sjóinn fyrir kennslu.
- MK styrkja tenginguna við grunnskóla t.d. taka áfanga í MK í 9-10 bekk.
- Grunnskólinn. Nýta húsnæði betur, t.d. fyrir félagsstarf.
- Foreldrar fái ekki að vaða uppi í skólum og ráðast á starfsfólk fyrir það að taka í krakka.
- Vantar að börn fái kynningu á fleiri íþróttum innan veggja skólans. Vísa í tillögur sem liggja hjá Guðrúnu Pét. og íþróttakennurum Kársnesskóla.
- Sveitarfélagið má gjarnan hafa markvisst gæðaeftirlit með skólastarfi t.d. standa fyrir „samræmdum“ könnunum, fá samanb. mælingar.
- Meiri samskipti á milli yngstu og elstu kynslóða.
- Hlutsta meira á raddir barna.
- Frábært að hafa samstarf við grunnskólann.
- Foreldrar verði gerðir ábyrgari fyrir skólastarfi.
- Sveitarfélagið veiti skólunum stuðning t.d. með því að kosta og bjóða námskeið til að bæta skólastarfi.
- Meira samstarf á milli leik- og grunnskóla t.d. nýtingu á húsnæði.
- Morgunmatur heima en heitur matur í hádegi = grunnskóli.
- Er skólatími barna of langur? Það mætti kanna það. 40 stunda vinnuvika fyrir fullorðna.
- Efla foreldrastarfið. Gera foreldra virkari.
- Nýta betur húsnæði grunnskóla. Huga betur að dægradvöl – tengja tómstundir.
- Vinnudegi barna ljúki kl. 17 og þá hafi þau haft aðgang að íþróttum.
- Hlúa að tengingu milli grunn- og framhaldsskóla og samgöngum milli þeirra.
- Nýta betur húsnæði grunnskóla yfir sumarið og lengra fram á daginn á veturna.
- Þungt að breyta hlutum í Kársnesskóla. Verið að vinna að breytingum en gengur hægt. Foreldrar þurfa líka að vera ábyrgir og taka stærrí hluta á sig varðandi uppeldi barna sinna og framkomu þeirra í skólum.
- Eflaust er hægt að nýta betur styrk og aðstoð foreldra, þó að erfitt geti verið að virkja þá. Hægt væri að bjóða foreldrum upp á uppeldisnámskeið til þess að styðja við bakið á kennurum í uppeldis- og menntastarfinu.
- Það þarf að vera hægt með góðu móti að reka kennara ef þeir eru ekki að standa sig. Kennarar þurfa að kunna að koma á góðu agakerfi á börnin.
- Foreldrar eiga ekki að hafa takmarkalaus heimild til að gagnrýna eða ráðast á starf kennara.
- Húsnæði skólanna má nýta betur t.d. á sumrin og einnig á kvöldin. Miklar byggingar sem eru vannýttar. Ýmis tómstundastarfsemi gæti farið þar fram. Einnig hluti af þjónustu fyrir aldraða.
- Dægradvöl skólanna þarf að tengjast starfsemi íþróttafélaganna.
- Mikilvægt að ekki verði skert sú þjónusta að börn fái mat í skólanum. Morgunmat eiga þau að borða heima.
- Í grunnskólum þarf að auka áherslur á starfstengdu námi í eldri bekkjum. Það á að koma því inn hjá nemendum að það sé jafngóður kostur að fara í iðnnám eins og annað framhaldsnám.

- Það þarf meiri sveigjanleika varðandi skólabyrjun á morgnana og lok skóladags. Fyrir suma getur það hentað að byrja fyrir kl. 8.00 á morgnana, aðra seinna.

### Leikskólar

- Leikskólastarf í Kópavogi til fyrirmyndar.
- Mjög ánægður með Urðarhól, starfsfólk og starf.
- Leikskólar ættu að vera með náttúrulegri lóðir, stórt grjót, hellir, tré, lækir o.fl. Leikskóli sem nær niður í fjöru.
- Leikskólar. Nýta náttúrulegt umhverfi. Ekki skipuleggja allt.
- Leikskóli. Starfsfólk með í ráðum þegar skóli er hannaður.
- Leikskólar við græn svæði ekki við umferðareyjar.
- Flott leikskólastarf í Kópavogi. Gott starf unnið á Urðarhóli, verið skapandi og staðið vel að sínum áherslum. Lóðin var hins vegar eyðilögð með því að slétta hana, sem voru mistök.
- Hægt væri að prófa ýmsar nýjungar í smáum skömmtum og þróa starf þannig.
- Bæta mætti tenginguna milli skólastiga
- Það vantar útikennslustofu til þess að börn geti lært á umhverfi sitt. Gott væri að staðsetning leikskóla væri við græn svæði svo nýta mætti þau í leikskólastarfi. Leikskólar mega ekki vera of stórir, litlar einingar henta oft betur.
- Til þess að auðvelda leikskólabörnum aðlögun í grunnskóla gætu þau farið í heimsókn í Íþróttahúsin t.d. eftir lokun skóla og fyrir lokun leikskóla. Íþróttahúsin eru leikskólabörnum oft þyrnir í augum þegar þau hefja grunnskólanám m.a. vegna stærðar sinnar.

### Framhaldsskólar

- Menntaskóli í austurbæ sem myndi leggja áherslu á umhverfismennt.
- Mikilvægt að hafa tengingu milli grunnskóla og menntaskóla.
- Þarfagreina til þess að skoða hvort þurfi annan framhaldsskóla í Kópavogi. Í MK er frábær tenging við iðnmenntunina, matreiðslu/framreiðsluskólinn góður. Gott fyrir unglinga í Kópavogi að geta sótt í MK. Tengingin milli skólastiga hefur gengið vel og þörf á því áfram. Mikil ánægja með MK og gott að nemendur úr öðrum sveitarfélögum sækja líka í hann.
- Jafnframt fara margir nemendur úr bænum í aðra framhaldsskóla sem getur verið eðlilegt, en þyrfti að skoða nánar í samhengi við hugmyndir um annan framhaldsskóla.
- Hugmynd um að listaframhaldsskóli gæti verið í Kópavogi.
- Einnig mætti halda áfram með tengingu við þær áherslur sem grunnskólar í Kópavogi eru með og vinna út frá þeim.

### Félagsmál

- Akstur fyrir blinda.
- Vantar meiri áróður til að aldraðir taki þátt í FEK.
- Vantar leikfimi fyrir aldraða í Íþróttasal án gjalds.  
Hægt sé að hringja í sjálfbóðaliða sem geta aðstoðað aldraða, öryrkja o.þ.h. (gera t.d. þetta í stað þess að eiga hund).
- Það vantar betri þjónustu fyrir sjónskerta einstaklinga t.d. að fá miða fyrir leigubíla til þess að komast á milli staða. Öll bæjarfélög í kringum okkur hafa þetta kerfi. Oft búið að benda á þennan ókost. Má ekki gerast að fólk einangrist vegna þessarar fötlunar.

- Þarf að hafa góða aðstöðu fyrir leikfimi fyrir aldraða og að ekki þurfi að greiða fyrir. Meiri áróður þarf að vera fyrir þessum þætti og þátttöku hjá eldri borgurum.
- Það háir Glóð, íþróttafélagi eldri borgara að vera ekki með tíma eftir vinnu í íþróttasölum.
- Samfélag á erfiðum tímum, 30 mín flutningur á föstudag inn á netið.

### Menningarmál

- Bókasöfn þurfa að vera fleiri og út í hverfunum.

### Stjórnsýslan

- Það þarf alltof margar undirskriftir til yfirvalda til þess að ná heyrn þeirra. Lítið kemst í gegn. Bæjarpólitíkin þarf að endurskoða vinnureglur sínar og hlusta betur á fólkið.
- Nota mætti vefinn betur til þess að kjósa um ákveðin mál. Þannig mætti virkja lýðræðið mun betur. Hægt væri að kjósa um fleiri mál í einu og ná fram góðri þátttöku. T.d. áætlanir um útbýggingu einstakra er dæmi um að ekki er alltaf hlustað. Önnur þjónusta hjá bænum er góð.
- Framkvæmdir við lýsingu umhverfis Kópavogsskóla hefur tekið of langan tíma.

### Kirkjur og trúfélög

- Kirkjan er ekki nægjanlega virk í þjóðfélaginu í dag. Kirkjurnar eru margar og þar fer fram ýmislegt starf sem ekki fer hátt.
- Kirkjan þarf að leita út til fólksins. Foreldramorgnar hafa verið auglýstir vel hjá Kópavogskirkju. Gott æskulyðsstarf er í kirkjunum. Eldri borgarar mæta oft vel í kirkjustarfið.
- Mætti vera meiri tengsl milli tónlistarskólans og kirkjunnar.
- Sóknargjöld hafa áhrif á starfið og þau eru að lækka núna.
- Kirkjan má líka taka afstöðu til ýmissa þjóðmála og vera sýnilegri í umræðunni.
- Auka má kyrrðastundir í kirkjunum.
- Kirkjan má styðja betur við fólk andlega í hremmingunum.
- Aukin tengsl á milli kirkju og tónlistarskóla.
- Fjölbreyttara messuform t.d. kyrrðarstundir.
- Nýta húsnæði kirkju fyrir ýmsa hópa t.d. tómstundir eldri borgara.
- Fjölbreyttara safnaðarstarf. Kyrrðarstundir í kirkjum á kvöldin.